

Alþingi

Erindi nr. P/132/2004

komudagur 3.5.2006

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –

Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Akureyri 2. maí 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 688. mál, heildarlög. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings tekur ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins, en vekur athygli á því að með samþykkt þess er ríkisvaldið að veita enn einum byggðastyrknum til höfuðborgarinnar með auknum umsvifum og fjölgun starfa á vegum ríkisins. Nauðsynlegt er að fylgst sé grannt með þessari þróun í tengslum við framkvæmd byggðaáætlunar.

Það vekur athygli að allar áætlanir skortir um uppbyggingu og umfang safnsins og eins og fram kemur í umsögn Fjárlagaskrifstofu er kostnaðarmat frumvarpsins því afar ónákvæmt. Bent er m.a. á fjárveitingar til Þjóðminjasafns og Listasafns Íslands til hliðsjónar.

Það er skoðun stjórnar Eyþings að hér hefði átt að vanda betur undirbúning málsins. Ástæða er einnig til að hafa í huga að náttúruminjasöfn eru rekin víða um landið.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónsson
framky.stjóri